

HS Veitur hf - Ársreikningur 31. desember 2017

Ársreikningur HS Veitna hf. fyrir árið 2017 var samþykktur á fundi stjórnar í dag, 16. febrúar 2018.



Helstu atriði

Hagnaður ársins 2017 var 848 m.kr. á móti hagnaði árið 2016 upp á 736 m.kr. en heildarhagnaður 2017 var 4.378 m.kr. að teknu tilliti til endurmats fastafjármuna upp á 4,1 milljarð (3.530 m.kr. að teknu tilliti til tekjuskatts).

EBITDA var 2.160 m.kr. (34,6%) árið 2017 á móti 1.899 m.kr. (32,9%) árið 2016.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárlutfall þann 31. desember 2017 er 50,4% en var 42,3% í ársbyrjun.

Veltufjárlutfall var 0,68 þann 31. desember 2017 samanborið við 2,52 í árslok 2016.

Hluthafar félagsins eru fjórir, í lok árs áttu þeir hluthafa yfir 10% hlut í félaginu:

Reykjanesbær	50,10%
HSV Eignarhaldsfélag slhf	34,38%
Hafnarfjarðarbær	15,42%

Almenn umfjöllun

Hagnaður ársins 2017 nam 848 m.kr. á móti hagnaði árið 2016 uppá 736 m.kr. en að teknu tilliti til endurmats fastafjármuna upp á 4,1 milljarða og 570 m.kr. tekjuskatts af endurmatinu var heildarhagnaður 2017 alls 4.378 m.kr. Hagnaður hækkaði um 112 m.kr. aðallega vegna aukinnar orkunotkunar. Hagnaður fyrir fjármagnsliði jókst um 150 m.kr. Tekjur hækkuðu um 469 m.kr. m.a. þar af 453 m.kr. vegna tekna af orkusölu en aðrar tekjur stóðu nokkurn veginn í stað m.a. vegna breyttrar aðferðar við tekjufærslu tengijalda.

Tveir stórir liðir breyttust á efnahagsreikningi félagsins á árinu. Ábyrgð vegna skulda HS Orku hf. sem nam í upphafi árs 6.659 milljónum féll niður enda endurfjármagnaði HS Orka hf. lán sín á tímabilinu. Virðisrýrnunarpróf endurskoðenda leiðir af sér hækkun fastafjármuna að fjárhæð 4.100 milljónir króna. Þessir einkiptisliðir bæta fjárhagsstöðu félagsins og setja mark sitt á niðurstöðu ársins.

Tekjur hækkuðu um 8,1% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna hf á árinu 2017 alls 6.244 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 3.208 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.975 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 632 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 429 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir árið 2016 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 5.775 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 2.940 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 1.840 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 582 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 413 m.kr.

Kostnaðarverð sölu hækkaði um 6,1% á milli ára á meðan tekjur hækkuðu um 8,1%. Kostnaðarverð sölu nam 4.104 m.kr. árið 2017 (65,7% m.v. tekjur) á móti 3.869 m.kr. árið 2016 (67% m.v. tekjur). Meðal helstu rekstrarliða eru raforkuflutningur 984 m.kr. (15,8%), kaup á heitu vatni 731 m.kr. (11,7%), raforka vegna tapa í dreifikerfum 180 m.kr. (2,9%) og kaup á ferskvatni 63 m.kr. (1,0%). Alls nema þessir liðir þannig 31,4% af tekjum.

Annar rekstrarkostnaður hækkar milli ára eða um 84 m.kr. (708 m.kr. 2017 en 624 m.kr. árið 2016). Þessi breyting skýrist með hækkun launa vegna breytinga á rekstrarfyrirkomulagi um 138 m.kr. og hækkun sameiginlegra afskrifta vegna kaupa á m.a. orkureikningakerfi og aðalstöðvum um 52 m.kr. en á móti kemur lækkun á skrifstofu og stjórnunarkostnaði að upphæð 72 m.kr. og lækkun lífeyrisskuldbindingar að upphæð 26 m.kr.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 447 m.kr. á árinu 2017 en voru neikvæð upp á 415 m.kr. á árinu 2016 eða alls hækkun á milli ára um 32 m.kr. Þessa hækkun má að rekja til lækkunar vaxtatekna um 63 m.kr., voru 154 m.kr. 2016 en 91 m.kr. 2017. Verðbætur langtímalána hækka um 36 m.kr. voru 153 m.kr. 2017 m.kr. á móti 189 m.kr. árið 2016. Vaxtagjöld hækkuðu um 19 m.kr., voru 382 m.kr. 2017 en 363 m.kr. 2016.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 136 m.kr. árið 2017 á móti 131 m.kr. árið 2016. Tekið er fram að afkoma ferskvatnsdeildar er undanþegin tekjuskatti og var virk skattprósenta því 13,9% árið 2017 en var 15,1% 2016.

EBITDA ársins 2017 er 2.160 m.kr. (34,6%) á móti EBITDA 1.899 m.kr. (32,9%) fyrir árið 2016.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir HS Veitna hf þann 31. desember 2017 bókfærðar á 23.404 m.kr. Eignir hækkuðu um 5.627 m.kr. frá ársbyrjun þar af 4.100 m.kr. vegna endurmats fastafjármuna. Fjárfestingar í veitukerfum 2017 námu alls um 2.008 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.144 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 776 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 88 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: fjárfestingar í veitukerfum 1.343 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 966 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 302 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 75 m.kr. Aðrar fjárfestingar svo sem fasteignir, upplýsingakerfi og bifreiðar voru samtals 253 m.kr. á árinu 2017 en 630 m.kr. árið áður.

Eigið fé HS Veitna hf nam 12.638 m.kr. þann 31. desember 2017 (eiginfjárlutfall 50,4%) en eigið fé í ársbyrjun var 8.760 m.kr. (eiginfjárlutfall 42,3%).

Fjárhagsstaða félagsins þann 31. desember 2017 er sterk og horfur um rekstur þess góðar. Áfram verður unnið að stækkun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

	2017	%	2016	%	Breyting milli ára
Rekstrarreikningur					
Rekstrartekjur	6.243.560	100,0%	5.774.778	100,0%	8,1%
Kostnaðarverð sölu	(4.104.560)	(65,7%)	(3.868.951)	(67,0%)	6,1%
Vergur hagnaður	2.139.000	34,3%	1.905.827	33,0%	12,2%
Annar rekstrarkostnaður	(707.779)	(11,3%)	(624.359)	(10,8%)	13,4%
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	1.431.221	22,9%	1.281.468	22,2%	11,7%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(447.104)	(7,2%)	(414.583)	(7,2%)	7,8%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	984.117	15,8%	866.885	15,0%	13,5%
Tekjuskattur	(136.408)	(2,2%)	(130.949)	(2,3%)	4,2%
Hagnaður ársins	847.709	13,6%	735.936	12,7%	15,2%
Önnur heildarafkoma					
Liðir sem ekki verða endurflokkaðir í rekstrarreikning:					
Endurmat rekstrarfjármuna	4.100.000		0		
Tekjuskattur af endurmati rekstrarfjármuna	(570.000)		0		
Önnur heildarafkoma ársins	3.530.000		0		
Heildarhagnaður ársins	4.377.709		735.936		
	31.12.2017		31.12.2016		
Efnahagsreikningur					
Fastafjármunir	23.403.891	93,3%	17.777.318	85,9%	31,7%
Veltufjármunir	1.668.897	6,7%	2.926.837	14,1%	(43,0%)
Eignir samtals	25.072.788	100,0%	20.704.155	100,0%	21,1%
Eigið fé	12.638.206	50,4%	8.760.499	42,3%	44,3%
Langtímaskuldir	9.981.416	39,8%	10.781.239	52,1%	(7,4%)
Skammtímaskuldir	2.453.166	9,8%	1.162.418	5,6%	111,0%
Skuldir og eigið fé samtals	25.072.788	100,0%	20.704.155	100,0%	21,1%
Kennitölur					
EBITDA	2.160.412	34,6%	1.899.104	32,9%	13,8%
Veltufjárlutfall	0,68		2,52		(73,0%)
Eiginfjárlutfall	50,4%		42,3%		19,1%

Nánari upplýsingar veitir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200 / 860 5208.